



Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Efni: Ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2019

Inngangur

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar (hér eftir nefndin) hefur þrjú meginviðfangsefni, sbr. ákvæði IX. kafla laga nr. 3 um ársreikninga og leiðbeiningar Viðskiptaráðs, Kauphallar og Samtaka atvinnulífsins. Þessi þrjú viðfangsefni eru fólgin í eftirliti með:

- vinnuferli við gerð reikningsskila
- fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu
- störfum ytri endurskoðenda

Auk þessara viðfangsefna er nefndinni ætluð þau verkefni að:

- meta óhæði ytri endurskoðenda og hafa eftirlit með störfum þeirra
- setja fram tillögu um val á ytri endurskoðendum og ráðningu innri endurskoðanda

Viðfangsefni nefndarinnar lúta því að málum sem varða gerð og framsetningu fjárhagsupplýsinga til borgarstjórnar.

Um ársreikning 2019

Vinna nefndarinnar vegna eftirlits við gerð og endurskoðun ársreiknings Reykjavíkurborgar hófst í október 2019 á því að nefndin fundaði með ytri endurskoðendum Reykjavíkurborgar, Grant Thornton endurskoðun ehf. (hér eftir GT), þar sem farið var yfir endurskoðunarátætlun þeirra.

Nefndin gerði ytri endurskoðendum grein fyrir því sem hún metur helstu áhersluatriði og áhættuþætti í reikningsskilum Reykjavíkurborgar og eru nefndin og ytri endurskoðendur sammála um þessi atriði en þau eru tíunduð í endurskoðunarskýrslu GT.

Á því tímabili sem unnið hefur verið að endurskoðun ársreiknings Reykjavíkurborgar hefur nefndin átt nokkra fundi og önnur samskipti við ytri endurskoðendur Reykjavíkurborgar.

Nefndin fundaði með ytri endurskoðendum þann 27. þ.m. þar sem þeir kynntu drög að endurskoðunarskýrslu og kynntu helstu niðurstöður af vinnu sinni. Í skýrslunni koma fram nokkrar athugasemdir og ábendingar sem bregðast þarf við.

Nefndin hefur fundað með starfsmönnum fjármála- og áhættustýringarviðs Reykjavíkurborgar (FÁST) meðan unnið var að gerð ársreikningsins og fékk nefndin kynningu FÁST á drögum að ársreikningi 2019 og greinargerðum með ársreikningum á fundi þann 14. þ.m.

Sérstaklega vill nefndin vekja athygli á ábendingum FÁST sem fram koma í greinargerðunum.



Ársreikningar og endurskoðunarskýrslur allra B hluta félaganna hafa verið yfirfarnar af hálfu nefndarinnar og skriflegri umsögn um þá verið skilað til stjórna þeirra. Einnig fundaði nefndin sérstaklega með stjórnendum og ytri endurskoðendum við lok endurskoðunar, auk þess sem fundað var með stjórnnum flestra félaganna þar sem farið var yfir umsagnir.

Nefndin hefur átt ágætis samstarf við þá stjórnendur sem koma að ársreikningsgerð Reykjavíkurborgar og gerð ársreikninga B hluta félaganna, auk þess sem samstarf við ytri endurskoðendur Reykjavíkurborgar hefur gengið vel.

Nefndin telur brýnt að brugðist verði við öllum ábendingum sem fram koma í skýrslum ytri endurskoðenda og að vinnu við þær verði lokið sem fyrst.

Eitt af áhersluatriðum nefndarinnar er að fylgjast með viðbrögðum stjórnenda Reykjavíkurborgar og B hluta félaganna við þeim ábendingum sem fram koma í skýrslum ytri endurskoðenda.

Reikningsskil Félagsbústaða hf. hafa hlotið mikla og ítarlega umfjöllun innan nefndarinnar og ágreiningur var meðal nefndarmanna um hvort þau reikningsskil séu gerð í samræmi við settar reikningsskilareglur. Einn nefndarmanna kaus að segja sig úr nefndinni vegna þessa. Sérstakt minnisblað um reikningsskil Félagsbústaða hf. hefur verið lagt fram af þessu tilefni.

Nefndin vill sérstaklega benda á tvo reiknaða liði í samanteknum ársreikningi Reykjavíkurborgar sem stýrast af ytri aðstæðum, en breytingar á þessum liðum hafa umtalsverð áhrif á rekstrarniðurstöðu ársreikningsins:

- *Breyting á mati innbyggðar afleiðu í raforkusölusamningum Orkuveitu Reykjavíkur.* Á árinu 2019 var gjaldfærsla vegna breytinga á gangvirði afleiðunnar að fjárhæð 1.362 milljónir króna, en á árinu 2018 var gjaldfærsla vegna breytingarinnar að fjárhæð 7.541 milljónir króna.
- *Matsbreyting fjárfestingaeigna Félagsbústaða (húsnæði í útleigu).* Matsbreytingin stýrist af breyttu fasteignamati á fasteignum félagsins. Á árinu 2019 var tekjufærsla vegna matsbreytinga að fjárhæð 4.832 milljónir króna, en á árinu 2018 var tekjufærslan 2.943 milljónir króna.

Athygli er vakin á því að kostnaðaráhrif kjarasamninga sem gerðir voru eftir áramót eru gjaldfærð á árinu 2019.

Í skýrslu og áritun borgarstjóra og borgarráðs sem og í skýringu 58 er fjallað um áhrif COVID-19 veirufaraldursins en mikil óvissa er um áhrif faraldursins á borgarsjóð og einstök B hluta félög. Ekki er talið að forsendur fyrir rekstrarhæfi séu brostnar vegna faraldursins.

Það er álit endurskoðunarnefndar að ársreikningurinn sé tilbúinn til afgreiðslu af hálfu borgarstjórnar.

Virðingarfyllst,

f.h. endurskoðunarnefndar

Láraus Finnbogason formaður